

tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar, svo og 77. og 78. gr., taka til knattborðs-stofa eftir því sem við á.

Um lokunartíma veitingastaða, þar sem sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga er ekki meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar, fer eftir samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Árnæssýslu, nr. 134 10. júlí 1939.

1. gr.

80. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Börn 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum veitingastöðum, dansstöðum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með forráðamönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

Lögreglan getur bannað börnum og unglingum umferð og veru á tilteknum svæðum, þegar hún telur til þess ástæðu, til öryggis.

Foreldrar eða forráðamönnum barna bera á byrgð á því, að fyrirmælum þessarar greinar sé framfylgt og hlýtt, að viðlögðum sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnæssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 69 12. desember 1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

Ákveðið hefur verið samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 69 12. desember 1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl., að þau lög skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. janúar 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Snæfjallahrepps er fyrirtæki, sem Snæfjallahreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um Snæfjallahrepp, og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Snæfjallahrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Rafveita Snæfjallahrepps, og skal hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkusvæði.

Rafveita Snæfjallahrepps vinnur raforku í orkuveri sínu við Mýrará, svo og öðrum orkuverum, sem hún kann að reisa í sama tilgangi, eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Snæfjallahreppur, eða sá hluti hans, sem hreppnefnd kann að ákveða og ráðherra samþykkir.